



## RANGÁRÞING EYSTRA

### Reglur um styrki til nema í hjúkrunarfræði í Rangárþingi eystra

#### 1. gr. *Gildissvið*

Reglur þessar gilda um nema í Rangárþingi eystra sem leggja stund á háskólanám í hjúkrunarfræði og annað hvort vinna á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kirkjuhvoli eða hafa áform um að gera það.

#### 2. gr. *Markmið*

Markmið með reglum þessum er að fjölgja hjúkrunarfræðimenntuðu starfsfólki á Kirkjuhvoli.

#### 3. gr. *Styrkhæft nám*

Reglur þessar gilda um styrk til eftirfarandi náms:

- BS gráðu í Hjúkrunarfræði, 240 einingar.
- Viðbótardiplómanám á háskólastigi sem að nýtist í stafi, 30 eða 60 einingar.
- Framhaldsnám sem nýtist í starfi, MS. 120 einingar, í samráði við hjúkrunarforstjóra og sveitarstjóra.
- Annað viðurkennt nám sem nýtist í starfi, í samráði við hjúkrunarforstjóra og sveitarstjóra.

Styrkur getur tekið til staðnáms eða fjarnáms eftir atvikum

#### 4. gr. *Styrkbegar og umsóknir*

Umsækjandi skal eiga lögheimili í Rangárþingi eystra eða vera starfsmaður Kirkjuhvols.

Umsókn um styrk skal berast hjúkrunarforstjóra mánuði fyrir upphaf haust- eða vorannar á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem finna má á heimasíðu Rangárþings eystra og á Kirkjuhvoli. Í umsókn skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og starfsferil umsækjanda. Ber umsækjanda að skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Sé umsókn staðfest gerir hjúkrunarforstjóri sérstakan skriflegan samning við viðkomandi, sem gildir fyrir eina önn í senn.

#### 5. gr. *Styrkur*

Stuðningur er fjölbættur og felst í eftirfarandi:

- Aðgangur að vinnuherbergi á Kirkjuhvoli með aðgangi að tölvum, prentara og ljósritunarvél eftir að dagvinnudegi lýkur og um helgar.
- Launað námsleyfi í staðlotum, verknámi, á prófdögum og í áföngum með mætingarskyldu í samræmi við starfshlutfall hverju sinni.
- Frítt bókasafnskort.
- Eingreiðslur í lok annar hafi nemi staðist áætlaða námsáætlun.
- Námsmannaafsláttur í sund og líkamsrækt skv. gildandi gjaldskrá íþróttamiðstöðvar.

Stuðningur skv. a) og b) liðum gildir eingöngu um nema sem jafnframta eru starfsmenn Kirkjuhvols.

1



## RANGÁRÞING EYSTRA

### 6. gr. Fjárhæð eingreiðslna

Eingreiðsla til nema sem jafnframt er starfsmaður Kirkjuhvols nemur að hámarki kr. 60.000 hvert sinn (m.v. 30 staðnar ECTS einingar) Eingreiðsla til nema sem starfar ekki á námstíma á Kirkjuhvoli nemur kr. 36.000 hvert sinn (m.v. 30 staðnar ECTS einingar). Eingreiðsla fyrir lokna áfanga skal greidd hlutfallslega ef nemi lýkur færri einingum þó aldrei færri en 15 ECTS einingum.

### 7. gr. Styrktími

Námsstuðnings nýtur við þann tíma sem telst eðlileg námsframvinda sbr. d-lið 5. gr. Tefjist nám vegna sérstakra aðstæðna framlengist stuðningurinn í samráði við hjúkurnarforstjóra. Upplýsingum um námsframvindu skal komið til hjúkrunarforstjóra í lok hverrar annar.

### 8. gr. Skyldur styrkþega

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa hjá Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Kirkjuhvoli í a.m.k. tvö ár eftir að námi lýkur. Starfshlutfall þarf að vera minnst 60%. Hætti starfsmaður störfum á Kirkjuhvoli innan áðurnefnds tíma eða ljúki hann ekki námi, hefur Rangárþing eystra heimild til þess að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk frá síðasta skólaári nemans.

### 9. gr. Takmarkanir

Fjöldi nema sem nýtur stuðnings til náms í hjúkrunarfræði ræðst af þörf Rangárþings eystra fyrir faglært starfsfólk á Kirkjuhvoli á hverjum tíma. Hjúkrunarforstjóri og sveitarstjóri áskilja sér rétt til að hafna umsóknum ef þær standast ekki kröfur eða ekki er þörf á faglærðu fólk á þeim tíma. Hjúkrunarforstjóri getur hafnað styrkumsókn, hátti þannig til að starfsemi Kirkjuhvols beri ekki forföll vegna náms starfsmanna.

Njóti nemandi styrkja frá öðru sveitarfélagi vegna sama náms á hann ekki rétt á styrk samkvæmt reglum þessum.

### 10. gr. Álitamál

Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms eða á persónulegum högum nema getur sveitarstjóri í umboði sveitarstjórnar veitt frávik frá reglum þessum. Sveitarstjórn úrskurðar í álitamálum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessara reglna.

### 11. gr. Gildistími

Reglur þessar gilda um óákveðin tíma en verða endurskoðaðar með tilliti til árangurs.

Reglur þessar öðlast gildi við samþykkt sveitarstjórnar Rangárþings eystra.

Samþykkt í sveitarstjórn 9. febrúar 2023

Anton Kári Halldórsson



Sveitarstjóri Rangárþings eystra